

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2009**

**frá 5. febrúar 2009**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB frá 29. júlí 2008 um aðlögunartímabil fyrir endurskoðunarstarfsemi tiltekinna endurskoðenda og endurskoðunareininga í þriðja landi <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10fa. **32008 D 0627**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB frá 29. júlí 2008 um aðlögunartímabil fyrir endurskoðunarstarfsemi tiltekinna endurskoðenda og endurskoðunareininga í þriðja landi (Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 70).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/627/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 60, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 70.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.

## **SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA**

### **vegna ákvörðunar nr. 20/2009 um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB inn í samninginn**

„Ýmsar greinar í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB frá 29. júlí 2008 um aðlögunartímabil fyrir endurskoðunarstarfsemi tiltekinna endurskoðenda og endurskoðunareininga í þriðja landi lúta að bráðabirgðaákvörðunum um jafngildi krafna sem gilda gagnvart ríkjum utan Evrópubandalaganna. Þessi ákvörðun er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“